MIÐSTÖÐVARLAGNIR:

———————— Táknar framrásarlögn
— — — — — — Táknar bakrásarlögn
Pípur skulu vera svartar dregnar stálpípur og eru innri þvermál þeirra gefin upp í mm. á teikningu.
Þrýstiprófa skal kerfið með 7 kg/sm^2 þrýstingi og skal hann haldast óbreyttur í 24 tíma.
Pípur skal einangra með glerullarhólkum og vefjast með plastdúk.
Ef framkv. er annar frágangur á lögnum skal hann áður hafa hlotið samþ. byggingafulltrúa.
Á hvern ofn komi stillité, loftskrúfa og hitanemi.
Staðsetningar og gerðir eru sýndar á ofnatöflu.
Δt fyrir ofna er 35° C
Efni og vinna skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla um heitar vatnslagnir.
Lagnir skulu uppfylla skilyrði um DIN 2448 og DS 540.

GRIND HITAVEITU — TENGIMYND SNJÓBRÆÐSLU



1 Inntaksloki
2 Sía
3 Renniloki
4 Einstreymisloki
5 Hemill
6 Keiluloki
7 Tæming
8 Þrýstijafnari
9 Hita— og þrýstimælir
10 Öryggisloki
11 Mótþrýstiloki
12 Hitanemi
13 Vatnsmagnsmælir
14 Neysluvatnslögn
15 Hitamælir
16 Hitastýrður loki fyrir innspýtingu
17 Að snjóbræðslukerfi
18 Frá snjóbræðslukerfi
19 Bakrás liggur í niðurfall

VATNSLAGNIR:

— · — · — Táknar kalt vatn
— · · — · · — Táknar heitt vatn

Pípur skulu vera galvaniseraðar dregnar stálpípur og eru innri þvermál þeirra gefin upp í mm. á teikn.
Pípur innanhúss skal einangra með glerullarhólkum og vefja með plastdúk.
Kaldavatnslagnir skal ennfremur vefja með sísalpappa sem innsta lag.
Ef framkv. er annar frágangur á lögnum skal hann áður hafa hlotið samþ. byggingafulltrúa.
Þrýstiprófa skal kerfið með 7 kg/sm^2 þrýstingi og skal hann haldast óbreyttur í 24 tíma.
Efni og vinna skal vera í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla um heitar og kaldar vatnslagnir.
Lagnir skulu uppfylla skilyrði um DIN 2448 og DS 540.

LOFTRÆSTISTOKKAR:

Loftræstirör skulu smíðuð úr 0,7mm plötujárni.
Samskeyti loftræstistokka skulu vera þétt.
Allir loftræstistokkar er ganga upp í þakrými skulu ganga 300 mm upp fyrir þakflöt og enda þar í þakhettu.
Einangra skal alla loftræstistokka með 25 mm steinull er festist rörin með 2 mm stávír sem vefja skal utanum rörin.
Þar sem þurrkari tengist loftræstingu skal setja sértengingu fyrir þurrkara þ.a. loka megi fyrir loftr. þvottah. eða baðh. meðan þurrkari er í gangi.

FRÁRENNSLISLAGNIR UTANHÚSS:

Skolplögn utanhúss skal vera PVC — plastpípur með gúmmíþéttihringjum.
Regnvatnslagnir utanhúss skulu vera PVC — plastpípur með gúmmíþéttihringjum eða soðnum samskeytum.
Í regnvatnslagnir eru notaðar 1. Heitar plastpípur. 2. Plastpípur gataðar að ofan. 3. Drenbarki gataður allan hringinn.
Fara skal eftir leiðbeiningum í IST 65 um lagnaskurði og frágang á lögnum í þeim.
Kótar á rörum miðast við rörbotn. Allar lagnir utanhúss skulu leggjast ofan á fast undirlag.
Í kringum gataðar regnvatnslagnir komi hörpuð möl.
Fara skal eftir leiðbeiningum í R.B. blöðum um frágang á drenlögum.
Pípur skal leggja þannig að þær hvíli á belgnum en ekki aðeins múffunum og skal þess gætt að þær séu beinar milli brotpunkta.
Efni og vinna skal vera samkv. gildandi reglugerðum og stöðlum um frárennslislagnir.

FRÁRENNSLISLAGNIR Í GRUNNI.

Skolplögn í grunni skal vera PVC — plaströr með gúmmíþéttihringjum.
Lagnir i grunni eru ø 100 og leggjast með minnst 20‰ halla — nema annað sé tekið fram.
Sjá einnig almenn atriði fyrir lagnir utanhúss er gilda hér eftir því sem við á.

GRIND VATNSVEITU



Númering sjá grind Hitaveitu

Grind standi minnst 20 sm frá vegg og gólfi.

FRÁRENNSLISLAGNIR INNANHÚSS.

Lagnir innanhúss skulu vera PP — plaströr (polypropylen) með gúmmíþéttihringjum.
Neðst á fallpípur skal setja hreinsistykki þar sem því verður viðkomið.
Pípur skal einangra með 25mm steinull og skal hún fest á pípurnar með vírvafningi.
Hvað viðkemur upphengjum og millibilum á milli þeirra þá vísast til upplýsinga framleiðenda röranna.

SKÝRINGAR TÁKNA :

EV.	TÁKNAR	Eldhúsvaskur	40/50
ST.	—	Sturta	40/50
BK.	—	Baðkar	40/50
HL.	—	Handlaug	32/40
VS.	—	Vatnssalerni	100/100
SV.	—	Skolvaskur	40/50
ÞV.	—	Þvottavél	40/50
ÞU.	—	Þurrkari	
UV.	—	Upppvottavél	40/50
GN:	—	Gólfniðurfall	70/70 100/100
GNG.	—	Gólfniðurfall með gegnumstreymi	
UÞL.	—	Undirþrýstingsloki.	
PVC.	—	Plaströr Polyvýnilchloríð.	
PP.	—	Plaströr Polypropílen.	
PE_H.	—	Plaströr Polyethílen hart — drenrör götuð að ofanverðu.	
	—		
ST.	—	Steinrör.	
Ø100	—	10 sm. víð rör.	
20‰	—	Að lögn leggist með 2 sm halla pr. m.	
ÞN.	—	Þakniðurfall ø70 galv. eða pp.	
LR.	—	Loftræstingu.	
YÞ.	—	Að lögn fari yfir þak.	
ÚK.	—	Útikrana með tæmingu innan við vegg.	
KR.	—	Krani.	
PN.	—	Að lögn fari niður.	
PU.	—	Að lögn fari upp.	
ÍE.	—	Að lögn liggi í einangrun.	
ÍG.	—	Að lögn liggi í gólfrauf eða sé ísteypt.	
ÍV.	—	Að lögn liggi í vegg.	
ÁV.	—	Að lögn liggi utan á vegg.	
UL.	—	Að lögn liggi undir loftplötu (lofti).	
ÍS.	—	Að lögn liggi í sökkli innréttingar.	
BR.	—	Brunnur með botnrás og þéttu loki.	
LP.	—	30 sm loftpúði _ staðsettur efst á lóðr. stofnum. þvermál jafnt og sverasti hluti stofnsins, talið frá greiningu við aðal— færsluæð. Einnig komi loftpúði á hliðar— lagnir lengri en 8 m. Þvermál jafnt og sverasti hluti hliðarlagnar.	

SJÁ EINNG ÍST 64 MEÐ TÁKNUM FYRIR LAGNIR.

ÁRNI GUNNAR KRISTJÁNSSON FTFÍ
HELGAMAGRASTRÆTI 22 600 AKUREYRI S: 462 2022

Árni G. Kristjánsson

VERKHEITI	HLÍÐARBREKKA SVARFAÐARDAL			
HEITI TEIKNINGAR	ALMENNAR SKÝRINGAR — LAGNIR			VERK NR / TEIKNING NR 800
HANNAD ÁGK	TEIKNAD ÁGK	YFIRFARID	DAGS JÚLÍ 2001	KVARDI
BREYTT	1	2	3	4